

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. 3. fundur.

að Hlíðavegi 6, 27. júlí 2006, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Bréf frá Úrskurðarnefnd skipulags - og byggingarmála dags 6. júlí, vegna kæru Lögmannsstofunnar Skeifunni f.h. eigenda Helluhr. 5 á samþykkt sveitarstjórnar frá 27. apríl þar sem heimiluð var breyting á notkun íbúðanna nr. 7a, 8 og 8a við Helluhraun úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.
3. Útboð skólaakstur.
4. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar til reksturs gistingar á einkaheimili og í smáhýsum.
5. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Gísla Sverrissyni f.h. Hlíðar - ferðaþjónustu til reksturs gistingar í smáhýsum og gistiskála.
6. Byggingarmál í Mývatnssveit.
7. Ráðning sveitarstjóra.
8. Uppsagnir.
9. Stofnskjal v/lóð Baldursheimi.
10. Fundargerð byggingarnefndar frá 3. júlí.
11. Trúnaðarmál.
12. Sumartónleikar við Mývatn styrkbeiðni.
13. Umhverfismál.
14. Öldrunarmál.

Til kynningar.

Fundargerð Héraðsráðs frá 11. júlí.

Fundargerð Héraðsnefndar frá 11. júlí.

Mættir: Margrét Hólm Valsdóttir, Dagbjört Bjarnadóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir, Kristján Stefánsson, Böðvar Pétusson.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 11, 12, 13 og 14 yrði bætt á dagskrá.

Samþykkt samhljóða.

2. Bréf frá Úrskurðarnefnd skipulags – og byggingarmála dags 6. júlí, vegna kæru Lögmannsstofunnar Skeifunni f.h. eigenda Helluhr. 5 á samþykkt sveitarstjórnar frá 27. apríl þar sem heimiluð var breyting á notkun íbúðanna nr. 7a, 8 og 8a við Helluhraun úr íbúðarhúsnæði í gistiheimili.

Borist hefur erindi frá Úrskurðarnefnd skipulags- og byggingarmála vegna kæru sem barst frá Lögmannsstofunni Skeifunni f.h. eigenda Helluhrauns 5. Kærð er ákvörðun sveitarstjórnar frá 27. apríl s.l. að heimila breytta notkun á íbúðum nr. 7a, 8 og 8a við Helluhraun. Óskað er eftir viðhorfi sveitarstjórnar til kærunnar og gögnum sem leitt geta til úrlausnar málsins. Samþykkt að fela sveitarstjóra að svara erindinu.

3. Útboð skólaakstur.

Tvö tilboð bárust í skólaakstur. Egill Freysteinnsson Vagnbrekku bauð í leið 1. þ.e. norðan vatns, kr. 220 á km. Gísli Rafn Jónsson Arnarnesi bauð í leið 2. sunnan vatns, kr. 410,44 á km. og er það meðaltalsgjald fyrir allar stærði bifreiða. Skrifstofu falið að fara yfir útboðsgögnin.

4. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar til reksturs gistingar á einkaheimili og í smáhýsum.

Borist hefur erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Héðni Sverrissyni f.h. Geiteyjar ehf. til reksturs gistingar á einkaheimili og í fimm smáhýsum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leiti að leyfi verði veitt til reksturs gistingar á einkaheimili að Geiteyjarströnd 1. Hins vegar hafnar sveitarstjórn að veita leyfi til reksturs gistingar í fimm smáhýsum þar sem hvorki er byggingarleyfi né stöðuleyfi fyrir þeim byggingum.

5. Erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Gísla Sverrissyni f.h. Hlíðar – ferðaþjónustu til reksturs gistingar í smáhýsum og gistiskála.

Borist hefur erindi frá Sýslumanni þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar á leyfi til handa Gísla Sverrissyni f.h. Hlíðar ehf. til reksturs gistingar í gistiskála 14 herb., tveimur sumarhúsum og fimm smáhýsum.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir fyrir sitt leyti við að leyfið verði veitt til 1. sept. n.k. Að þeim tíma liðnum verði leyfið endurskoðað og hafi Gísli uppfyllt ákvæði byggingarreglugerðar sér sveitarstjórn ekkert því til fyrirstöðu að leyfið verði veitt til frambúðar.

6. Byggingarmál í Mývatnssveit.

Ýmsar umræður urðu um málið. Fram kom að af einhverjum ástæðum fari fólk ekki að skipulags og byggingalögum og sæki um leyfi fyrir framkvæmdum áður en þær hefjast. Byggingarreglugerð 441/1998 er mjög skýr í þessum efnum. Í 11.gr. segir almennt um byggingarleyfi “Óheimilt er að grafa grunn, reisa hús, rífa hús, breyta því að innan eða utan, burðarkerfi þess, formi, svipmóti eða notkun þess eða gera önnur þau mannvirki sem falla undir ákvæði reglugerðar þessarar nema að fengnu leyfi viðkomandi sveitarstjórnar.” Sveitarstjóra falið að óska eftir því við byggingarfulltrúa að hann stöðvi þær framkvæmdir sem þegar eru hafnar og engin leyfi eru fyrir. Ákveðið að senda íbúum sveitarfélagsins údrátt úr skipulags og byggingalögum.

7. Ráðning sveitarstjóra.

Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að fela Margréti Hólm Valsdóttur og Kristjáni Stefánssyni að ganga til samninga við Guðrúnu Maríu Valgeirsdóttur um starf sveitarstjóra.

8. Uppsagnir.

Borist hafa uppsagnarbréf frá Úlfari Sæmundssyni og Unu Einarsdóttur. Sögðu þau störfum sínum lausum frá og með 30. júní s.l. Sveitarstjóra falið að ganga frá starfslokum og auglýsa starf ráðsmanns laust til umsóknar.

9. Stofnskjal v/lóð Baldursheimi.

Borist hefur uppdráttur unnin af Búgarði, frá Böðvar Péturssyni, þar sem óskað er eftir staðfestingu skipulagsyfirvalda á lóð undir íbúðarhúsi í landi Baldursheims 1.

Sveitarstjórn samþykkir uppdráttinn.

Böðvar vék af fundi við afgreiðslu málsins.

10. Fundargerð byggingarnefndar frá 3. júlí.

Eftirfarandi liðir eiga við um Skútustaðahrepp. Liður 2, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir sólskála við íbúð að Skútustöðum, liður 3, þar sem óskað er eftir stöðuleyfi fyrir tvo gáma við verslunarhús Strax, liður 4, þar sem óskað er eftir leyfi til innri breytinga á iðnaðarhúsnæði í Bjarnarflagi, liður 14, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir íbúðarhúsi í landi Baldursheims, liður 16, þar sem óskað er eftir byggingarleyfi fyrir smáhýsi hjá Hlíð ferðaþjónustu. Sveitarstjórn samþykkir afgreiðslu byggingarnefndar.

Böðvar tók ekki þátt í afgreiðslu á lið 14.

11. Trúnaðarmál.

Fært í trúnaðarmálabók.

12. Sumartónleikar við Mývatn styrkbeiðni.

Borist hefur erindi frá Margréti Bóasdóttur f.h. Sumartónleika við Mývatn þar sem óskað er eftir styrk að upph. kr. 100.000.-.

Sveitarstjórn samþykkir að styrkja verkefnið um kr. 75.000,-

13. Umhverfismál.

Rætt vítt og breitt um umhverfismál m.a. um Skógarkerfil sem er ágeng planta í grónu landi. Útbreiðsla plöntunnar er að verða vaxandi vandamál í sveitum landsins. Sveitarstjórn samþykkir að beina því til Umhverfisnefndar að hún kanni útbreiðslu plöntunnar í Skútustaðahreppi.

14. Öldrunarmál.

Töluverðar líkur eru á að byggð verði ný heilsugæslustöð í Mývatnssveit á næstu misserum. Með nýrri aðstöðu breytist öll aðstaða til að þjóna eldra fólki og mikilvægt að skoða uppbyggingu þessa í heild. Samnýting og samvinna vegna þjónustu verður möguleg eins og t.d. heimahjúkrunar og félagslegrar heimaþjónustu. Sveitarstjórn samþykkir að nota tækifæri sem nú gefst og skoða möguleika á frekari uppbyggingu íbúða og jafnvel hjúkrunarrýma fyrir aldraða.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Margrét Hólm Valsdóttir,
Dagbjört Bjarnadóttir,
Ingunn Guðbjörnsdóttir,
Kristján Stefánsson,
Böðvar Pétusson.